



**Hátíðarávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á þjóðhátíðardegi Íslendinga**

**Austurvelli, Reykjavík
17. júní 2025**

Kæru landsmenn, gleðilega þjóðhátíð!

Það gleður mig innilega að vera með ykkur á þessum fallega sumardeg.

Þetta er í fyrsta sinn sem forseti Íslands ávarpar þjóðina frá Austurvelli á 17. júní, þessum degi sem skipar svo sérstakan sess í huga yngri sem eldri kynslóða. Þessi dagur kallar fram barnið í okkur mörgum sem eldri erum. Við minnumst samverustunda með foreldrum eða uppalendum, jafnvel ömmum og öfum; fólkinu sem fylgdi okkur áleiðis út í lífið. Sum þeirra hafa ef til vill kvatt þessa jarðvist en á samverustundum sem þessum vitja þau okkar í ljósi minninganna. Hugurinn dregur upp myndir. Lítið barn með aðra höndina í traustum lófa og blöðru eða fána í hinni. Hvert okkar á sína mynd af þjóðhátíð bernskunnar.

Ég hef eins og aðrir áhyggjur af stöðu heismála og veit að margt í veröldinni gefur tilefni til vonleysis. Það er ekki upplífandi að verða vitni að hatrömmum deilum á samtalstorgum samfélagsmiðla, sem eru sannarlega ekki til eftirbreytni, allra síst þegar í hlut eiga valdamestu menn heimsins sem ættu að vera öðrum fyrirmyndir. Það er enn þungbærara, þyngra en tárur taki, að sjá – nánast í beinni útsendingu – óbreytta borgara, þar með talið þúsundir barna, verða fórnarlömb stríðsátaka og glæpa. Það er sorgleg staðreynd að á tímum sítengingar og óhefts aðgengis að upplýsingum, skuli sífellt fleiri finna til vantrausts, einangrunar og einmanaleika. Veröldin er svo sannarlega ekki fullkomin. Jafnvel á okkar litla friðsæla landi getur heftin verið svo hatrömm að sumum þykir nóg um og skrúfa fyrir fréttirnar, vilja frekar loka augunum en horfa upp á ósómann. Aðrir festast í bergmálshelli sinna eigin skoðana og

viðhorfa. Við verðum að horfast í augu við stöðuna, byggja brýr, draga upp áttavitann og bretta upp emmar.

Vitundin um krefjandi úrlausnarefni yfirgnæfir þó alls ekki trú mína á að þessir umbrotatímar færi okkur tækifæri til að standa okkur betur. Þetta er ég sannfærð um því í starfi mínu er ég svo lánsöm að fá að umgangast ótal margt fólk sem stígur fram í nafni kærleikans. Það er úti um allt, ósérhlífna fólkið sem oft heyrir ekki hátt í en lætur gott af sér leiða á hverjum degi. Eins og ég hef áður sagt þá kys ég að kalla þetta fólk riddara kærleikans og ég ítreka að það geta allir valið að vera í því liði. Og svo eru það börnin – boðberar framtíðarinnar. Ég fylgist með æðruleysi þeirra, forvitni og sköpunarkrafti og þau eru áminning um að við búum í landi sem er enn að slíta barnsskónum. Við erum rétt að hefja okkar vegferð sem sjálfstæð þjóð, forvitin, stundum full nýjungjagjörn, en jafnframt full af lífsorku. Börn verða þó stundum hrædd og finna fyrir einmanaleika. Þau þurfa stuðning, ást og umhyggju en þau láta huggast þegar þau finna að þau tilheyra einhverju sem er stærra en þau sjálf. Þannig erum við reyndar öll, sama á hvaða aldri við erum.

Framtíðin mun ávallt koma okkur á óvart. Það liggur í eðli hlutarins að hún er óráðin. Hún mun bera með sér bæði lán og ólán, góðar fréttir og slæmar. En það sem mestu skiptir er að við tökumst á við verkefnin saman og höldum áfram að vera land skapandi lausna þegar kemur að flóknum viðfangsefnum, umbótum á samfélaginu og auðgun andans. Við eigum svo mikla framtíð fyrir höndum. Við erum rétt lögð af stað. Ímyndið ykkur allt sem er fram undan. Kvikmyndirnar sem við eigum eftir að búa til, sögurnar sem við eigum eftir að skrifa, leikverkin sem við eigum eftir að frumsýna, fyrirtækin sem við eigum eftir að stofna, góðverkin sem við eigum eftir að inna af hendi. Ímyndið ykkur að á næsta ári, þegar fjörutíu ár eru liðin frá fundinum fræga í Höfða, þar sem leiðtogar stórvelda hófu milliliðalaust samtal um afvopnun, gætum við aftur orðið vettvangur samtals um frið – oft var þörf en nú er nauðsyn. Þrátt fyrir öll afrek fortíðar veit ég að við eigum okkar mestu afrek eftir. Ímyndið ykkur barnið, sem nú leynist meðal okkar, sem á eftir að standa á sviði og syngja fyrir heiminn og sameina okkur enn á ný undir nýjum litbrigðum tóna og orða. Þetta barn er til og í sérhverju okkar býr þetta barn sem þráir það eitt að fá að blómstra á sínum forsendum.

Ég hef trú á þessari þjóð og öllu því sem við höfum áorðað. Er barátta okkar fyrir sjálfstæði hófst þótti ýmsum það ansi djarft markmið. Nú stöndum við hér, sjálfstæð í heilan mannsaldur, með afrekaskrá sem við getum verið stolt af. Við fögnum í ár 75 ára afmæli Þjóðleikhússins. Það þótti mögulega langsótt markmið fyrir eina fátækustu þjóð Evrópu að reisa sér höll utan um sögur sínar og sköpunarkraft. Bygging Þjóðleikhússins spannaði heimskreppu og heimstyrjöld en með seiglu tókst að ljúka ætlunarverkinu og Þjóðleikhúsið var vígt á fyrstu árum lýðveldis okkar. Sams konar sögu má segja um tónlistarhúsið

okkar fagra, Hörpu, sem glitrar nú við hafnarbakkann í Reykjavík. Þar heldur Sinfóníuhljómsveitin sína tónleika, hún fagnar einnig 75 ára afmæli í ár og er stofnun hennar hluti af okkar miklu afrekaskrá. Við höfum metnað á sviði menningar enda er sköpunarkrafturinn okkar sterkasta afl – sköpunarkrafturinn og kærleikurinn.

Fæstir íbúar jarðar lifa við þær aðstæður að jörðin undir fótum þeirra er enn í mótun. Við Íslendingar eigum fjölbreytt land, með ótal birtingarmyndum náttúruaflanna, blíðviðri og brjáluðum stormum – náttúru sem bæði gefur og tekur og krefst harðrar vinnu og þolgæðis. Hér blasir við ný sýn á hverjum degi, ný litbrigði, ferskur vindur á kinn. Við lifum í umhverfi sem krefur okkur um að skapa sífellt eitthvað nýtt með opnu hjarta.

Ég sé daglega dæmi þess hversu áhrifaríkt afl sköpunarkrafturinn er. Hann flæðir yfir öll landamæri. Ég afhenti nýverið hjónunum Tinnu Gunnlaugsdóttur og Agli Ólafssyni heiðursverðlaun fyrir framlag þeirra til kvikmyndalistarinnar. Þau hjón hafa einnig auðgað leikhúsmenningu okkar og tónlistarlíf. Það sama má segja um heiðursverðlaunahafa Grímunnar, Kjartan Ragnarsson, sem á að baki langan og farsælan feril sem leikari, leikskáld, leikstjóri og leikhússtjóri. Sonur hans, Ragnar, hlaut einnig í síðustu viku heiðursviðurkenningu Útflutningsverðlauna forseta Íslands en hann er einn fremsti myndlistarmaður þjóðarinnar og ber hróður okkar um allan heim. Metnaður þjóðarinnar rís líklega hvergi hærra en í sköpunarmættinum. Ekki aðeins í listum, heldur einnig í nýsköpun í vísindum og viðskiptum. Má þar nefna fyrirtækið Össur, sem hefur ekki aðeins náð góðum árangri í nýsköpun tæknilausna, sem hafa gerbreytt lífi þúsunda sem misst hafa útlími, heldur einnig með framlagi sínu á sviði mannúðar og velferðar, meðal annars með stuðningi við afburðaíþróttafólk á Paralympics leikunum.

Afrek okkar smáu en knáu þjóðar vekja athygli víða um heim. Í heimsókn minni til Japans, eins þróaðasta ríkis veraldar, kom á óvart hversu margt gestgjafar okkar töldu sig geta lært af Íslendingum, meðal annars við nýtingu jarðhita og í jafnréttismálum. Ísland er í fararbroddi á vegferðinni til jafnréttis kynjanna þótt við vitum vel að enn er verk að vinna. Einnig er brýnt að berjast fyrir jafnrétti á fleiri sviðum en milli kynjanna og hugsa ég þar meðal annars til stöðu drengja, og til jafnréttis óháð kynslóð og uppruna. Hvað varðar orðspor Íslands á heimsvísu er vert að muna að áhrif okkar geta verið enn meiri sem hluti af samtakamætti Norðurlandanna. Sameiginlega mynda Norðurlandabjóðirnar um tíunda stærsta hagkerfi veraldar. Saman getum við frændþjóðirnar látið muna um okkur á tímum þar sem leitað er logandi ljósi að fyrirmyndum sem sýna að velferð fólks, náttúru og efnahags fer saman.

Kæru Íslendingar!

Bernskuárin eru dýrmæt. Þau eru tími ímyndunar og sköpunar. Tíminn þegar hjartað er opið. Það krefst hugrekks og áræðni að varðveita barnið í sjálfum sér. Það gerist aðeins ef traust er fyrir hendi.

Treystum og verum traustsins verð. Vöndum okkur og tölum af virðingu við og um hvert annað. Börnin lesa og læra það sem fyrir þeim er haft. Við getum hlúð að þeim sem hugrekki skortir, og verið sól fyrir þá sem birtuna ei sjá, eins og ungu stúlkurnar frá Hofsósi sömdu af svo mikilli visku í ljóðinu sem þær kölluðu Riddari kærleikans og GDRN syngur af sinni stöku snilld og barnakórar eru byrjaðir að syngja saman. Við þurfum að taka okkur tíma til að horfast í augu við hvert annað, leggja símann til hliðar og eiga samverustundir með fullri þátttöku og innlifun. Notum orðin okkar, hlýðum á hljómfall þeirra, njótum þess hve dásamlegt og einstakt tungumál við eigum og kennum nýjum Íslendingum að tala það. Við vitum að nýir Íslendingar geta lært málið vel og má í því sambandi minna á vinkonurnar þrjár sem dúxuðu í Fjölbrautaskólanum í Ármúla í vor og fengu verðlaun fyrir góðan árangur í íslensku. Ef marka má fréttir kunnu þær ekki stakt orð í málinu fyrir þremur árum.

Sjálf ætla ég að ganga á undan með góðu fordæmi og fara í sumarfrí frá Facebook og almennt ætla ég að fækka stundum á samfélagsmiðlum og vona að sem flestir skólar og fjölskyldur fari inn í sumarið og haustið með einhver skynsamleg mörk í kringum þá rænuþjófa. Ég ætla frekar að fjölga samtölum í raunheimum, taka þátt í og standa fyrir fleiri samtölum með von um að á næsta ári höldum við Þjóðfund og ræðum þá framtíð sem bíður barna okkar. Ég ætla að halda áfram að brosa, þótt sumum finnist nóg um, faðma þá sem það þiggja og efla hugrekki mitt og annarra til að mæta krefjandi tímum af mennsku og mildi.

Kæru landar. Göngum glöð inn í þennan gæfuríka sumardag. Munum að rækta barnið í okkur og munum að setja börnin í forgang í okkar samfélagi. Leyfum okkur að dreyma og leyfum okkur að dreyma saman. Okkar mestu afrek eru rétt handan við hornið.